

Mál nr. 437/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka (X)

### Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

#### Gögn.

1. Málskot mótttekið 26. nóvember 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags 6. janúar 2026.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 16. janúar 2026.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 16. janúar 2026.

#### Málsatvik.

Í málskoti krefst M þess að viðurkennd verði greiðsluskylda V úr ábyrgðartryggingu X vegna afleiðinga slyss, sem hún varð fyrir í starfi 27. janúar 2024. Byggir M á því að hún hafði í umrætt sinn sótt matarbakka í herbergi vistmanns í húsnæði Y. Á leiðinni til baka, á gangi sem lá að eldhúsi deildarinnar, hafi M stigið í bleytu á gólfinu með bakkann í fanginu. Við það hafi hún runnið og skolið á bakið. Í málskoti er á því byggt að ljós hafi komið að starfsmaður X, sem sér um þrif fyrir Y, sem hafði verið að þrifa glugga hafði skilið eftir sig bleytu á gólfi á ganginum. Þá hafi verið nýtt bón á gólfinu sem olli því að gólfíð hafi verið mjög hált þegar slysið varð. Upplýsir M að í kjölfar slyssins hafi hún farið heim úr vinnu vegna verkja í baki. Þá er einnig upplýst að M hafi verið óvinnufær frá slysdegi til 15. mars 2024. Vinnueftirliti ríkisins hafi verið tilkynnt um slysið 13. febrúar 2024 og Sjúkratryggingum Íslands 1. mars 2024.

M byggir á því að megi rekja til þess að X hafi ekki séð til þess að gólf vinnurýmisins væri hreint, þurr og án bleytu. Því til stuðnings vísar hún m.a. í 20. -23. gr. , 37. gr. og 42. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og 2. mgr. 3. gr., 2. mgr. 16. gr. og 1. mgr. 39. gr. reglna nr. 581/1995, um húsnæði vinnustaða. Telur M að X hafi brotið gegn framangreindum reglum er slysið varð. M telur því ljóst að rekja megi slysið til saknæmrar athafnar eða athafnaleysis þess aðila sem X ber ábyrgð á, þ.e. þess starfsmanns sem sá um að þrifa glugga hjá Y í umrætt sinn. Hafi umræddur starfsmaður borið bleytu á gólfíð er hann var að þrifa glugga á vinnustað M og ekki þrifið hana upp í kjölfarið, með þeim afleiðingum að M rann og varð fyrir líkamstjóni. M vísar einnig í Hrd. í máli nr. 154/2000 máli sínu til stuðnings. Til viðbótar byggir M á að verkstjórn af hálfu X hafi verið óforsvaranleg í umrætt sinn, m.a. með því að vara ekki við hugsanlegri bleytu á gólfinu með varúðarskiltum eða grípa til ráðstafana og gera ráðstafanir þannig að bleyta sem gæti borist á gólf vinnustaðarins yrði þrifið upp. Vísað er í 21. og 23. gr. framangreindra laga nr. 46/1980 því til stuðnings. Þá hafi sá gluggi sem starfsmaður X hafi séð um þrifa í umrætt sinn ekki verið nálægt þeim stað sem M rann og hún því ekki mátt ætla að bleyta yrði á gólfinu þar. Telur M að ekki skipti máli í þessu sambandi þó vinnuveitandi sinn, þ.e. Y, hafi látið starfsmenn vita af gluggaþrifunum enda eigi þeir ekki að þurfa að gera ráð fyrir því að bleyta sé á gólfum vinnustaðarins vegna slíkra þrifa. Þessu til viðbótar bendir M á að í höfnunarbréfi V komi fram að X hafi ekki haft vitneskju um slysið og geti starfsmaður X því ekki gefið upplýsingar um hvort umrædd bleyta hafi komið frá gluggaþvottinum. Á slíku geti M ekki borið ábyrgð. Fyrir liggir að M hafi farið heim úr vinnu á slysdegi og upplýst Y um það. Ekki sé hægt að gera frekari kröfur til M hvað það varðar né það hvernig slysinu er lýst í bæði tilkynningu til Vinnueftirlitsins og Sjúkratrygginga Íslands. Í þessu sambandi þurfi einnig að taka mið af því að M sé af erlendu bergi brotin og íslenska sé ekki hennar móðurmál. Því telur M að X verði að bera hallann því ef einhver misskilningur átti sér stað í samskiptum M og yfirmannsins hjá Y.

Í athugasemdum V, dags. 6. janúar 2026, er skaðabótaábyrgð X hafnað. Þá er bent á eftirfarandi varðandi atvik máls. Í tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands sem hafi verið undirrituð af M og X sé slysinu lýst þannig: „Var smá bleyta á gólfi. Viðkomandi stígur í hana, rennur og fellur á bakið.“ Í tilkynningu til Vinnueftirlitsins sé atvikinu lýst svo: „Það var smá vatn á gólfi á gangi deildar. Viðkomandi var að ganga þar um, steig í bleytuna, rann og féll á bakið.“ Þá sé eftirfarandi lýsing að finna í málskoti: „Atvik máls eru þau að hún hafi sótt matarbakka í herbergi vistmanns, vistmaður hafði hringt bjöllu þar sem hann vildi losna við bakkann. Á leiðinni til baka, á gangi sem lá að eldhúsi

deildarinnar steig málskotsaðili með bakkann í fanginu, í bleytu á gólfinu, rann og skall á bakið.“ V bendir á að þær upplýsingar að hin umrædda bleyta sem M hafi runnið í, hafi verið tilkomin vegna vinnu X, hafi fyrst komið fram í kröfubréfi lögmanns M, dags. 9. september 2024, þ.e. rúmum sjö mánuðum eftir slysið. Jafn framt tekur V fram að samkvæmt upplýsingum frá Y hafi þau ekki áður heyrt af því að bleytan væri tilkomin vegna starfa X. Samkvæmt upplýsingum frá X hafi starfsmaður frá þeim verið að þrifa glugga þennan dag hjá Y, en X hafi hins vegar ekki fengið upplýsingar um slys M fyrr en fyrirspurn varðandi það barst frá V í kjölfar kröfu M í ábyrgðartrygginguna í október 2024, þ.e. níu mánuðum eftir slysið. Sá starfsmaður X sem var við þrif á gluggum þennan dag hafi ekki getað gefið upplýsingar um hvort umrædd bleyta hafi komið frá gluggaþvottinum þar sem hann hafði ekki neina vitneskju um þetta atvik. Samkvæmt upplýsingum frá X er bleyta almennt ekki á gólfum við gluggaþrif. V telur því ósannað að umrædd bleyta sé tilkomin vegna vinnu X. Telur V að sú fullyrðing virðist byggð á getgátum og hafi komið fram löngu eftir slysið. Jafnframt hafi komið fram hjá M að bleytan hafi ekki verið hjá þeim gluggum sem starfsmenn X voru að þrifa. Bendi það enn frekar til þess að bleytan sé ekki til komin vegna gluggaþrifa. Þá bendir V einnig á að bæði í tilkynningu til Vinnueftirlitsins og Sjúkratrygginga Íslands, en seinni tilkynningin sé undirrituð af M, sé slysinu einungis lýst þannig að M hafi runnið í bleytu. Engar nánari upplýsingar liggi fyrir um bleytuna. Miðað við ofangreint telur V því ósannað að X beri ábyrgð á aðdraganda slyssins. Því sé skaðabótaskylda ekki til staðar.

Í viðbótarathugasemdum M, dags. 16. janúar 2026, eru fyrri rök ítrekuð og veitt andsvör við framangreindum röksemdum V. Er þeim rökum V sérstaklega mótmælt að M hafi ekki upplýst Y eða X um að bleytan hafi verið tilkomin vegna vinnu X fyrr en með kröfubréfi, dags. 9. september 2025, eða rúmum sjö mánuðum eftir slysið. Tekur M fram að hún hafi tilkynnt sínum næsta yfirmanni á vakt á slysdegi að hún hafi runnið í bleytu og þyrfti þess vegna að fara heim. M geti því ekki borið ábyrgð á því að X hafi ekki fengið vitneskju um tildrög slyssins. Þá fullyrðir M að óumdeilt sé að M hafi orðið fyrir slysi vegna bleytu sem var tilkomin vegna vinnu á vegum X. Hafnar M þeirri röksemd V að ósannað sé að umrædd bleyta sé tilkomin vegna vinnu X, þ.e. gluggaþrifa.

Í viðbótarathugasemdum V, dags. 16. janúar 2026, eru fyrri athugasemdir ítrekaðar og sérstaklega tekið fram að V telji ósannað að bleytan hafi verið tilkomin vegna vinnu X.

### Álit.

Ágreiningur þessa máls snýr að hugsanlegri skaðabótaábyrgð X á líkamstjóni M. Mögulegur bótaréttur byggir á því að M eigi skaðabótakröfu á hendur X á grundvelli annað hvort sakarreglunnar eða reglunnar um ábyrgð vinnuveitanda. Báðar þessar bótareglur gera það m.a. að skilyrði að M takist að sanna að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanna sem X ber vinnuveitandaábyrgð á. Eins og málið liggur fyrir telur nefndin að M hafi ekki tekist að sanna að hin umdeilda bleyta sem M rann í umrætt sinn hafi verið tilkomin vegna þrifa starfsmanna X, né að þeim hafi verið kunnugt um bleytuna og því haft ástæðu til að þurrka hana upp áður en M slasaðist. Nefndin telur framangreint leiða til þess að X beri ekki skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M.

### Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 11. febrúar 2026.  
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir